

Aðlögun barna milli deilda

1. Leikskólastjóri og deildarstjóri skipuleggja á hvaða deildir börnin fara og hvenær.
2. Deildarstjórinn barns hefur samband við foreldra tímalega og lætur þau vita að barnið sé að flytjast á milli deilda og hvert það fer. Deildarstjóri upplýsir foreldra með tölvupósti eða símleiðis um skipulag flutningsins.
3. Deildarstjórar „gömlu og nýju“ deildarinnar fara yfir persónuupplýsingar um barnið. Foreldrum er velkomið að óska eftir viðtali við nýja deildastjóra barnsins.
4. Barnið er aðlagð – *sjá tímaskipulag hér fyrir neðan*
5. Áætlað er að aðlögun milli deilda taki tvo til þrjú daga eftir að formlega aðlögun hefst. Aðlögun er í höndum starfsfólks leikskólans nema að foreldrar óski eftir þátttöku. Áætla má að heildartími aðlögunar taki um 4 – 5 vikur í heildina. Undirbúningur og svo formleg aðlögun yfir á nýju deildina.

Tímaskipulag aðlögunnar;

1 dagur

Börnin fara með kennara deildarinnar sem þau eru að kveðja yfir á nýju deildina fljótlega eftir að þau mæta í leikskólann og verða fram að hádegismat

2 dagur

Börnin fara með kennara deildarinnar sem þau eru að kveðja yfir á nýju deildina fljótlega eftir að þau mæta í leikskólann og verða þar fram yfir hádegismat

3 dagur

Börnin fara yfir með kennara deildarinnar sem þau eru að kveðja yfir á nýju deildina fljótlega eftir að þau mæta í leikskólann og verða þar til kl 14.

4 dagur

Börnin mæta á deildina sem þau eru að kveðja, fara með dótið sitt yfir á nýju deildina með kennara af þeirri deild og eru þá formlega flutt yfir á nýju deildina. Foreldrar sækja börnin á nýju deildina í lok leikskóladagsins.

5 dagur

Börnin mæta á nýju deildina og fá tækifæri til þess að sýna og segja foreldrum sínum frá henni.

Páttaskil

Að flytjast á milli deilda eru stór páttaskil í lífi bæði leikskólabarna og foreldra þeirra og fela í sér breytingar sem hafa misjöfn áhrif á börn og foreldra. Til þess að flutningur verði sem farsælastur er mikilvægt að leggja áherslu á að börn öðlist jákvæða upplifun af flutningnum og að allir aðilar, sem koma að skipulagningu, vinni saman og séu meðvitaðir um þær afleiðingar, sem ferlið getur haft í för með sér. Skipuleggja þarf flutningsferlið vel með þarfir allra barnanna að leiðarljósi. Samvinna milli deilda og foreldra ber þar helst að nefna, að undirbúa börnin vel og að lokum styðja þau í aðlögun.

Að undirbúa börnin

Þegar flutningur milli deilda er væntanlegur er mikilvægt að undirbúa börnin vel. Það er gert með því að ræða flutningana bæði í leikskólanum og heima og fara í heimsóknir á nýju deildina. En rannsóknir sýna að ef börn eru vel undirbúin og í kjölfarið meðvituð um flutninginn öðlist þau sjálfstraust, upplifi síður óöryggi og eru líklegri til að aðlagast með farsælum hætti. Því oftast sem börnin fara í heimsóknir því kunnugri verða þau hinu nýja umhverfi og í kjölfarið betur undirbúin fyrir flutninginn. Mikilvægt er að tala opinskátt um allt ferlið við börnin svo þau séu meðvituð um hvað sé að gerast og hvert markmið heimsóknanna sé. Auk þess verða börnin að vita að í lok ferlisins munu þau koma til með að flytjast á aðra deild. Foreldrar fá skipulag aðlögunarferlisins og eru jafnframt upplýstir um gang mála jafnóðum þegar börnin eru sótt í leikskólann að loknum aðlögunardegi. Gera má ráð fyrir að ferlið taki 4- 5 vikur í heildina, undirbúningur barns og formlega aðlögun.

Hlutverk starfsfólk í aðlögun milli deilda

Kennari yngri deildarinnar, sem þekkir barnið og fyrri aðstæður þess vel, fylgi því á eldri deildina. Veitir því tilfinningalegan stuðning í nýjum aðstæðum. Hlutverk kennaranna á nýju deildinni felur í sér að kynnast barninu, mynda við það tengsl og kynna það fyrir venjum og hefðum nýju deildarinnar.

Athöfn flutnings

Til að gera flutninginn formlegan í augum barnanna fara þau, tvö til þrjú í einu fer eftir fjölda barna í aðlögun, með kennara af **nýju deildinni**, velja sér ný hólfa á nýjum stað og flytja eigur sínar yfir á nýju deildina. Daginn eftir mæta þau á nýju deildina og gefst þeim kostur **á að sýna foreldrum sínum deildina**. Þó svo að flutningurinn sé afstaðinn er mikilvægt að hafa í huga að flutningsferlinu er ekki lokið fyrr en börnunum líður vel, upplifi að þau tilheyri hópi, finni til öryggis og með jákvætt viðhorf gagnvart nýju umhverfi.